



Ráðhús Reykjavíkur - borgarráð

Ráðhús Reykjavíkur  
101 REYKJAVÍK

***Bráðabirgða samstarfssamningur um umsjón Iðná 1.9.-31.12.2020 ásamt minnisblaði - R20050266***

Hjálögð eru drög að bráðabirgða samstarfssamningi menningar- og ferðamálasviðs Reykjavíkurborgar og Listahátíðar í Reykjavík um umsjón Iðná 1.9.-31.12.2020 ásamt minnisblaði sviðsstjóra menningar- og ferðamálasviðs dags. 31. ágúst 2020.

Óskað er staðfestingar borgarráðs á samningnum.

Huld Ingimarsdóttir  
staðgengill sviðsstjóra menningar- og ferðamálasviðs

Hjálagt:

Drög að bráðabirgða samstarfssamningi um umsjón Iðná 1.9.-31.12.2020  
Minnisblað sviðsstjóra menningar- og ferðamálasviðs dags. 31.8.2020

Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkurborgar, kt. 530269- 7609, annars vegar og Listahátíð í Reykjavík 490970-0299 hins vegar gera með sér eftirfarandi

## **Bráðabirgða samstarfssamning um umsjón lðnó 1.9.-31.12.2020**

### **1. gr. Markmið Reykjavíkurborgar**

Markmið Reykjavíkurborgar með samningi þessum er að:

- lðnó verði opin og lifandi miðstöð menningarstarfs sem laði að sér breiðan hóp gesta veturinn 2020.
- starfsemin sé liður í að efla og kynna miðborgina sem sjálfstæðan áfangastað í takt við verkefnið Vetrarborgin 2020 og glæða miðborgina enn meira lífi.
- að Listahátíð í Reykjavík geti nýtt lðnó að fullnustu undir Klúbb Listahátíðar, sem og fyrir aðra viðburði hátíðarinnar veturinn 2020.

### **2. gr. Starfsemi og markmið Listahátíðar í Reykjavík**

Samningur þessi er framhald samnings sem gerður var milli sömu aðila, eftir samþykkt borgarráðs 28. maí 2020, en sá samningur gildi frá 1. júní til og með 31. ágúst.

Forsendurnar voru þær sömu þá og nú; að Listahátíð í Reykjavík hefur þurft sökum Covid-19 faraldursins að gjörbreyta fyrirkomulagi hátíðarinnar árið 2020 og dreifa viðburðum yfir marga mánuði.

Klúbbur Listahátíðar í lðnó var því starfræktur allt sumarið 2020 með töluvert breyttu sniði, en áætlað var í fyrstu. Dagskráin, sem var gjaldfrjáls og opin öllum, einkenndist af yfirtökum jaðarlistahópa á rýminu í bland við sjálfstæða viðburði. Yfirtökurnar gengu vonum framár og var aðsókn á viðburði mjög góð. Í byrjun ágúst þurfti að aflýsa og breyta viðburðum vegna nýrra sóttvarnareglna en nýjar útfærslur undirbúnar með hliðsjón af nýjum samkomureglum.

### **3. gr. Ábyrgð**

Listahátíð greiðir ekki leigu, en ber ábyrgð á viðburðahaldi í lðnó og að húsinu sé skilað í því ástandi sem það var afhent að loknum gildistíma þessa samnings, hvort sem viðburðirnir eru á vegum Listahátíðar eða annarra.

Reykjavíkurborg greiðir rekstrargjöld hússins svo sem rafmagn, hita og sorpgjöld. Ef stofnað er til annarra útgjalda vegna viðburða, skulu forráðamenn þeirra greiða þau útgjöld.

#### 4. gr. Vanefndir og meðferð ágreinings

Telji Listahátíð í Reykjavík hættu á að geta ekki uppfyllt samningsbundnar skyldur sínar skal menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar tilkynnt um það skriflega án tafar. Ef ekki tekst að endurskoða verkefnaáætlun þannig að markmiðum samningsins verði náð er heimilt að rifta samningnum tafarlaust.

#### 5. gr. Gildistími

Samstarfssamningurinn tekur gildi 1. ágúst 2020 og gildir til 31. desember 2020.

Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

#### 8. gr. Staðfesting og meðferð ágreiningsmála

Samningurinn er gerður með fyrirvara um staðfestingu borgarráðs. Rísi ágreiningsmál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur

Reykjavík, 2020.

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Listahátíðar í Reykjavík

\_\_\_\_\_

Vottar að rétttri dagsetningu og undirskrift:

**Minnisblað**  
**Reykjavík 31. ágúst 2020**

**Samningur við Listahátíð í Reykjavík um yfirtöku á lðnó verði framlengdur til áramóta**

Hér er lagt til að samningur Reykjavíkurborgar og Listahátíðar í Reykjavík um að sá síðarnefndi hafi umsjón með lðnó verði framlengdur til áramóta. Núgildandi samningur rennur út 31. ágúst og tók gildi 1. júní, eftir samþykkt borgarráðs, 28. maí 2020.

Klúbbur Listahátíðar í lðnó var starfræktur í allt sumar og einkenndist hún af yfirtökum jaðarlistahópa á rýminu í bland við sjálfstæða viðburði. Yfirtökurnar gengu vonum framár og aðsókn á viðburði var mjög góð.

Í byrjun ágúst þurfti þó að aflýsa nokkrum viðburðum vegna hertra sóttvarnarreglna en í framhaldinu var hafist handa við að útfæra viðburðahald með hliðsjón af þeim nýju reglum. Dagskráin í sumar var án endurgjalds og öllum opin.

Í ljósi óvissu og aðstæðna í samfélaginu vegna heimsfaraldursins er ekki talið tímabært að ákveða ráðstöfun eða fyrirkomulag lðnó til framtíðar. Því er lagt til að samningurinn við Listahátíð í Reykjavík verður framlengdur til áramóta og þar með verði byggt ofan á þann góða árangur sem náðist með Klúbbi Listahátíðar í lðnó í sumar. Samhliða væri verið að halda lífi í þessu sögufræga húsi með fjölbreyttu menningarstarfi fyrir allan almenning á forsendum Listahátíðar í Reykjavík.

Áframhaldandi samstarf væri sömuleiðis liður í því að efla og glæða miðborgina enn meira lífi næstu mánuði og stuðla þannig að því að styrkja ímynd miðborgina sem sjálfstæðan áfangastað borgarbúa sem og annarra gesta.

Ekki er gert ráð fyrir því að Listahátíð í Reykjavík greiði fyrir afnotin af húsnæðinu og mun Menningar- og ferðamálasvið leggja til fjármögnun starfskrafta til að mæta viðbótar verkefnum Listahátíðar vegna þessa, ýmist í gegnum vinnumarkaðsúrræði borgarinnar eða með því að nýta svigrúm sviðsins.

Arna Schram  
Sviðsstjóri menningar- og ferðamálasviðs.